



## Verð íslenskra sjávarafurða í sögulegu hámarki



Verð sjávarafurða hefur hækkað töluvert á þessu ári mælt í erlendri mynt og hefur hækkunin verið töluvert umfram hækkun almenns verðlags erlendis. Hækkunin á þriðja ársfjórðungi nam 9,3% milli ára og er það mesta hækkun á 12 mánaða grundvelli síðan á öðrum fjórðungi 2015, þegar verðið hækkaði um 13,3%.

Á fyrstu þremur fjórðungum ársins var verðið að 8,2% hærra en á sama tímabili í fyrra. Til samanburðar hækkaði verðvísitala Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna á kjöti um 2,5% milli sömu tímabila. Litið yfir lengra tímabil hefur verð íslenskra sjávarafurða hækkað meira en heimsmarkaðsverð á kjöti. Þannig nemur hækkun verðs á íslenskum sjávarafurðum um 50% frá árinu 2010 en verðhækkun á kjöti nemur á sama tímabili 20%. Hér er þó rétt að benda á að útflutningur á íslenskum sjávarafurðum fer ekki allur beint til manneldis og má þar nefna mjól sem er m.a. notað sem fóður í fiskeldi.

### Útflutningsverðmæti sjávarafurða eykst þrátt fyrir loðnubrest

Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 192 mö.kr. á fyrstu þremur fjórðungum ársins borið saman við 171,6 ma.kr. á sama tímabil í fyrra og nemur aukningin 11,9%. Aukið útflutningsverðmæti skýrist að töluverðu leyti af veikingu krónunnar milli ára en gengisvísitala krónunnar á fyrstu þremur fjórðungum ársins var 11,7% hærra en á sama tímabili í fyrra. Mælt á föstu gengi krónunnar nam aukning útflutningsverðmætis um 0,2% milli ára.

Lítill aukning útflutningsverðmætis þrátt fyrir hækkun afurðaverðs í erlendri mynt skýrist fyrst og fremst af loðnubresti en engar veiðar voru heimilar á síðustu vertíð. Útflutningsverðmæti loðnu dróst saman um 10,2 ma.kr. á föstu gengi krónunnar en litið framhjá áhrifum loðnuútflutnings jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða um 6%. Á gengi hvers tíma jókst útflutningsverðmæti sjávarafurða, litið framhjá loðnuútflutningi, um tæpa 30 ma.kr., eða 18,4%. Litið framhjá þeim útgerðum sem gera út





á loðnu má ætla að margar útgerðir hafi því upplifað mikinn tekjuauka milli ára í krónum talið.


### Mesta verðhækkunin á loðnu

Sé útflutningur sjávarafurða niður á tegundir settur á fast gengi og fast magn í tonnum talið má fá grófa mynd af verðhækkun einstakra tegunda í erlendri mynt milli ára.<sup>1</sup> Sé litið til þeirra 20 tegunda sem skiluðu mestu útflutningsverðmæti á þessu ári sést að langmesta verðhækkun í erlendri mynt mælist í loðnu. Hækkunin nemur 114% milli ára. Þetta er líklega töluvert ofmat og þarf því að taka þessari niðurstöðu með verulegum fyrirvara. Ástæðan er sú að líklegt er að herra hlutfall hrognna sé í útflutningi þessa árs en í fyrra en hrogn gefa mun herra verð en mjöl. Hlutfall hrognna í útflutningi loðnu hefur fylgst að við magn veiða í gegnum tíðina. Þeim mun meiri veiðar, þeim mun hlutfallslega lægra hlutfall af aflanum hefur verið nýttur í hrognatöku.

### Næstmesta verðhækkunin á humri

Næstmesta hækkunin var í humri sem hækkaði um tæp 30%. Ekki er ólíklegt að verðhækkunina megi að hluta rekja til minna framboðs af humri en veiðar voru 64% minni í tonnum talið á fyrstu 9 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Humarstofninn hefur verið í lægð og hafa veiðar verið bannaðar m.a. í Jökuldjúpi og Lónsdjúpi til verndar á ungvíði humars. Þriðja mesta hækkunin var í Skarkola, eða 20%. Verðhækkun á langmikilvægasta fiskistofninum, þorskinum, nam 7,1% milli ára. Verð á ýsu hækkaði um 1%, ufsa um 4,6% og karfa 13,3%.

Verðbreyting eftir tegundum í erlendri mynt



Verðbreyting í erlendri mynt milli fyrstu 9 mánaða árána 2018 og 2019 (gróft reiknað). Þær 20 tegundir sem gefa mesta útflutningsverðmætið.

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

<sup>1</sup> Þetta er gróf áætlun. Til að reikna þetta nákvæmar þarf m.a. að taka tillit til gjaldmiðlasamsetningar í tekjum hverrar tegundar, breytingu á samsetningu á vinnslu tegundarinnar og breytingu á því til hvaða lands hún fer en lönd greiða mishátt verð fyrir sömu afurðir.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.